

Fimmtudaginn 15. október 1998.

Nr. 238/1998.

**Ákærvaldið**(Ragnheiður Harðardóttir saksóknari)  
gegn**Anthonius Gerardus Verborg**

(Brynjar Níelsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Björn P. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar 2. júní 1998 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og jafnframt af hálfu ákærvalds. Ákærvaldið krefst þess, að refsing ákærða verði þyngd frá því, sem ákveðið var í héraðsdómi.

Ákærði krefst þess, að refsing verði milduð.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur, en þó þannig, að til frádráttar refsivist ákærða dregst gæsluvarðhald, sem hann hefur sætt allt frá 12. desember 1997.

Ákærði verður dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

**D ó m s o r ð:**

Ákærði, Anthonius Gerardus Verborg, sæti fangelsi í 5 ár og 6 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist, sem ákærði hefur sætt frá 12. desember 1997.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Brynjars Níelssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

### Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. maí 1998.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara 7. apríl sl. gegn ákærða, Anthonius Gerardus Verborg, fæddum 20. október 1959, Zomerdijkstraat 28, Amsterdam, Hollandi, „fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni með því að hafa fimmtudaginn 11. desember 1997 í ágóðaskyni flutt hingað til lands frá Amsterdam 901 töflu af vímuefninu MDMA (3,4 metýlendíoxýmetamfetamíni), 376,4 g af amfetamíni og 85,1 g af kókaíni, sem ákærða var ljóst, að voru að verulegu leyti ætluð til sölu hér á landi, en efnin fundust í fórum ákærða við komu hans til Keflavíkur.

Telst þetta varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Þá er þess krafist, að framangreind ávana- og fíkniefni, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins, verði gerð upptæk samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986.

#### I.

Fimmtudaginn 11. desember sl. kom ákærði hingað til lands flugleiðis frá Amsterdam. Færðu tollverðir hann í leitarklefa, er hann kom að grænu tollhliði, og kvaðst hann vera að koma til landsins sem ferðamaður. Við leit í fórum hans fundust fimm pakkningar, sem voru í frakka ákærða. Ákærði kvað í þökkunum um 1.000 stk. af E-töflum, um 200 g af amfetamíni og eitthvað af kókaíni. Við talningu og vigtun efnanna reyndust vera í þökkunum samtals 901 ætluð E-tafla, 376,4 g af ætluðu amfetamíni og 85,1 g ætlað kókaín. Sýni taflanna og efnanna voru send Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði, og var staðfest með niðurstöðu, að um ofangreind fíkniefni væri að ræða. Í framhaldi þessa var ákærði færður til yfirheyrslu hjá ávana-og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík. Samkvæmt niðurstöðu Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði voru í ofangreindum E-töflum 97 mg af MDMA (metýlendíoxýmetamfetamínklóríði). Í matsgerð Jakobs Kristinssonar, dósents í Rannsóknastofu í lyfjafræði, segir um efnið, að það sé hættulegur vímuegjafi. Um amfetamínið segir í matsgerð hans, að magn amfetamínbasa í sýninu hafi verið 11%, sem samsvari 15% af amfetamínsúlfati, en magn koffeíns 23%. Í matsgerð hans um kókaínið segir, að efnapróf bentu til þess, að kókaínið væri að mestu í formi kókaínklóríðs. Magn kókaínbasa í sýninu var 59%, sem samsvari 66% af kókaínklóríði.

Ákærði hefur viðurkennt við rannsókn málsins og meðferð þess, að hann hafi flutt til landsins þau fíkniefni, sem í ákæru greinir. Kvaðst hann hafa fengið efnin í hendur 10. desember sl. í Amsterdam hjá manni að nafni

Brian. Hafi Brian lofað sér 10.000 gyllina þóknun fyrir að flytja efnin til landsins. Hann hafi átt að hringja til Hollands við komuna til landsins og fá nánari upplýsingar og fyrirsmæli um, hvað hann ætti að gera. Brian hafi ætlað að vera staddur á heimili ákærða og svara þar í símann og gefa nánari fyrirsmæli. Ákærði kvaðst hafa gert ráð fyrir, að selja ætti efnin hér á landi, en þáttur hans hafi einvörðungu falist í því að flytja efnin til landsins. Brian hafi hins vegar skipulagt innflutninginn. Ákærði kvað við rannsókn málsins sér hafa verið það ljóst, að selja ætti efnin hér á landi til fjölda manna gegn verulegu gjaldi, en hins vegar hafi hann ekki vitað, hversu hátt markaðsgjald efnanna væri hérlendis. Fyrir dómi kvaðst hann ekki vita, hvað gera ætti við efnin, en sig hafi grunað, að þau hafi verið ætluð til dreifingar hér á landi. Við rannsókn málsins sagði ákærði, að sér hefði verið ljóst, um hvaða efni væri að ræða, en við meðferð þess kvaðst hann hafa vitað um fjölda E-taflnanna og amfetamíníð, en talið, að kókaíníð væri amfetamín.

Jakob Kristinsson dósent kom fyrir dóminn og staðfesti matsgerðir sínar um fíkniefnin. Hann kvað það kókaín, sem innihéldi yfir 50% eða 66% kókaínklóríð, vera fremur sterkt sýni, meðalstyrkur á bilinu 50–70%. Hann kvað amfetamíníð í flokki veikari sýna. Vitnið sagði, að hættueiginleiki MDMA-efnisins fælist einkum í því, að venjuleg notkun efnisins gæti leitt til skyndidauðsfalla og jafnvel þó að ekki hafi verið tekinn stærri skammtur en almennt væri notaður, þegar neytendur vildu komast í vímu. Verkun þess væri að hluta til svipuð og amfetamíns, en að öðru leyti hefði það ofskynjunarþátt, sem líktist verkunum af meskalíni eða LSD.

#### *Niðurstaða.*

Ákærði hefur í meginatriðum játað sakargiftir. Hann hélt því hins vegar fram fyrir dómi, að hann hefði ekki vitað, hvað gera ætti við fíkniefnin, en sig hefði grunað, að þau væru ætluð til dreifingar hér á landi. Ákærði hefur játað, að hann hafi flutt hingað til lands þau fíkniefni, sem fjallað er um í máli þessu. Hlaut honum að vera ljóst, að þau voru að verulegu leyti ætluð til sölu hér á landi. Sú viðbára hans við meðferð málsins, að hann hafi ekki vitað, að kókaín væri meðal efnanna, skiptir ekki máli, þar sem ákærði vissi, að efnin voru fíkniefni, og var í lófa lagið að kanna, hver efnin voru, áður en hann flutti þau hingað til lands. Það gerði hann ekki, en flutti samt efnin til landsins. Hann gat ekki treyst því, að kókaíníð væri annað efni en það reyndist vera. Fyrir liggur, að hann tók að sér að flytja efnin til landsins, gegn gjaldi. Fíkniefni þau, sem ákærði flutti til landsins, eru hættuleg heilsu manna, einkum fíkniefnið MDMA, sbr. Hrd. 1997, bls. 1367–1369, en þar er meðal annars rakin álitgerð Þorkels Jóhannessonar, prófessors hjá

Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði. Þykir samkvæmt framan-sögðu fyllilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er ákærður fyrir. Þegar litið er til þess, að ákærði flutti gegn þóknun til landsins mikið magn hættulegra fíkniefna, sem telja má fullvíst, að hafi verið ætluð að verulegu leyti til dreifingar hér á landi, verður brot hans heimfært undir 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974.

14. mars 1996 var ákærði dæmdur í Sviss til þriggja og hálfis árs fangelsis-vistar fyrir stórfelldan innflutning og dreifingu hættulegra fíkniefna. Við refsingu hans verður litið til þess mikla magns hættulegra fíkniefna, er hann flutti til landsins í ágóðaskyni, svo og þess, að ákærði hefur áður gerst sekur um stórfelldan innflutning og dreifingu hættulegra fíkniefna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 5 ár og 6 mánuði. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhald hans frá og með 12. desember 1997, samtals 151 dag.

Samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986 skal gera upptæk þau ávana- og fíkniefni, sem í ákæru greinir, svo sem þar er krafist.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og þann hluta réttargæslulauna verjanda síns, Brynjars Níelssonar hæstaréttarlögmanns, sem hann hefur ekki fengið greiddan, svo og málsvarnarlaun verjandans, samtals 75.000 krónur.

Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Anthonius Gerardus Verborg, sæti fangelsi í 5 ár og 6 mánuði. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhald hans frá og með 12. desember 1997, samtals 151 dagar.

Ákærði sæti upptöku á 901 töflu af vímuefninu MDMA, 376,4 g af amfetamíni og 85,1 g af kókaíni.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Brynjars Níelssonar hæstaréttarlögmanns, 75.000 krónur.